



Sýnataka og afmælingar í Kröflu 14.-16. júlí
1981

Gestur Gíslason

Greinargerð GG-81/02

Sýnataka og aflmælingar í Kröflu 14-16 júlí 1981

Tilgangur ferðarinnar var að athuga ástand KJ-13, en vitað var, að einhverjar breytingar höfðu orðið á rennsli hennar, þannig að nær eingöngu fékkst gas úr sýnatökulokum við holutopp. Mælingar á gasmagni í gufu í stöðvarhúsi höfðu sýnt aukningu á gasi og þótti ekki ólíklegt að gasið væri ættað úr KJ-13.

Um kl 13 30 þann 14/7 var holan tekin af gufuveitu og hleypt í hljóðdeyfi. Gufumökkurinn var mjög dökkur eða bláleitur fyrst í stað, líklega vegna mikils gass, en breyttist smám saman og fékk "eðlilegan lit og áferð". Aflmælingar sem gerðar voru eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Dags.	Kl	Po bar	Q _T kg/sek	Ho kJ/kg	Q _g 1 bar	Q _g 7 bar
810714	14 ⁵⁰	7.0	6.9	2671	6.7	6.6
810714	19 ⁴⁰	6.0	5.9	2461	5.9	5.2
810715	16 ⁰⁵	5.3	5.8	2315	4.8	4.5
810716	14 ³⁵	8.1	5.5	2234	4.3	4.1

Líklegast hefur holan verið "dauð" og holan og gufulögnin full af gasi, áður en henni var hleypt út í hljóðdeyfinn, enda varð ekki vart aflsmínkunnar þegar holan var tekin af gufuveitunni. Þegar holan var sett aftur inn á gufuveituna um kvöldið þann 16/7 jukust hins vegar afköst virkjunarinnar um 2 MW.

Gasaukningin sem var getið um hér að framan verður hins vegar ekki skýró með breytingu á KJ-13, enda urðu ekki marktækar breytingar á gasstyrk gufu í stöðvarhúsi við þessar aðgerðir á KJ-16. Til þess að komast að uppruna þess verður að taka sýni úr öllum nýttum holum, en slík sýnatökuferð er fyrirhuguð í ágúst næstkomandi.

1981-07-18

Eitt sýni var tekið úr KJ-13 í ferðinni. Reyndist gasstyrkur frekar lágur eða 0,68% í heildarrennsli og 0,79% við 7 bar.

Í ferðinni voru tekin tvö heildarsýni úr holu KJ-16 auk einfaldari sýna til ákvörðunar á varmainnihaldi út frá styrk kísils. Verður fjallað um þau sýni í sérstakri greinargerð um upphleypingu KJ-16.

Gestur Gíslason